# GRAFARVOGS-DAGURINN

## 30. MAÍ 2015

# Gerum okkur glaðan dag!

www.midgardur.is | www.gufunes.is
Grafarvogsdagurinn er á Facebook

GRAFARVOGSDAGURINN 2015:

# Gerum okkur glaðan dag!

**Grafarvogsdagurinn, hverfishátíð Grafarvogsbúa, fer nú fram í 18. sinn laugardaginn 30. maí. Sem fyrr er markmið dagsins að sameina íbúa hverfisins og skapa vettvang til að hittast og gera sér glaðan dag.**

Vel hefur tekist til við að virkja þann mikla mannauð sem býr í hverfinu og munu fjölmargir einstaklingar, félög og fyrirtæki leggja hönd á plóg við að gera dagskrá dagsins sem glæsilegasta.

Helstu dagskrársvæðin að þessu sinni verða í og við Egilshöll, Korpúlfsstaði, Spöng og svæðið vestan megin við Strandveg en þar munu Frístundamiðstöðin Gufunesbær, Skemmtigarðurinn og Íslenska gámafélagið bjóða til viðamikillar dagskrár.

Ástæða er til að vekja athygli á skemmtilegum **skottmarkaði** sem fer fram á bílastæðinu við Spöngina á milli kl. 12:00-15:00. Enn er hægt að bætast í hópinn og taka þátt í að skapa líflega markaðsstemmningu á svæðinu. Á skottmarkaði er heimilisbíllinn notaður sem sölubás og getur fólk selt allt á milli himins og jarðar úr bílskottum sínum. Það kostar ekkert að taka þátt en nauðsynlegt er að skrá sig með tölvupósti á netfangið gudmundur.palsson@reykjavik.is.

Íbúar eru hvattir til að taka þátt í **ljósmynda- og myndbandaleik** dagsins og eru gjafabréf frá veitingastaðnum Serrano í verðlaun. Leikurinn fer þannig fram að þátttakendur deila sínu myndefni á Facebook-síðu dagsins, **Grafarvogsdagurinn**, og láta nafn og netfang fylgja með færslunni. Í næstu viku verða valdar bestu myndirnar og myndböndin og úrslit kynnt á Facebook-síðunni. Einnig er mögulegt að skila myndefni með tölvupósti á netfangið gudmundur.palsson@reykjavik.is.

Íbúar og fyrirtæki eru hvött til að draga fána að hún þennan hátíðisdag og **skreyta hús sín** og umhverfi í þeim litum sem hverfunum hefur verið úthlutað. Sérstök dómnefnd mun gera víðreist um Grafarvoginn og velja það hverfi sem best stendur sig í skreytingum og verða niðurstöður dómnefndar birtar á Facebook-síðunni Grafarvogsdagurinn.

Undirbúningur dagsins er á höndum Miðgarðs, þjónustumiðstöðvar Grafarvogs og Kjalarness, en verkefnið er samstarfsverkefni fjölda félaga, fyrirtækja, einstaklinga og stofnana í Grafarvogi. Mikil vinna hefur verið lögð í dagskrárundirbúning og nú er komið að íbúum hverfisins að taka virkan þátt í því sem boðið verður upp á. Fjölmörk fyrirtæki í hverfinu styðja rausnarlega við bakið á verkefninu og eru þeim hér með færðar þakkir fyrir þeirra framlag.

**Gerum okkur glaðan dag á laugardaginn!**

## ÍBÚAR OG FYRIRTÆKI ERU HVÖTT TIL AÐ DRAGA FÁNA AÐ HÚNI OG SKREYTA HÚS SÍN Í EFTIRTÖLDUM LITUM:

- BORGARHVERFI - BLÁR
- BRYGGJUHVERFI - SÆGRÆNN
- ENGJAHVERFI - BLEIKUR
- FOLDAHVERFI - GRÆNN
- HAMRAHVERFI - VÍNRAUÐUR
- HÚSAHVERFI - APPELSÍNUGULUR
- STAÐAHVERFI - FJÓLUBLÁR
- RIMAHVERFI - GULUR
- VÍKURHVERFI - RAUÐUR

**GRAFARVOGSDAGURINN 2015**
Kynningarrit um dagskrá Grafarvogsdagsins 2015
Ritstjóri og ábyrðarmaður: Guðmundur Pálsson | gudmundur.palsson@reykjavik.is
Upplag: 8.000 eintök
Prentun: Litla Prent
Dreifing: Póstdreifing

Miðgarður Þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness

# DAGSKRÁ GRAFARVOGS-DAGSINS LAUGARDAGINN 30. MAÍ

## Grafarvogslaug – 09:00-11:00

**09:00-11:00** **Sundlaug Grafarvogs** býður gestum að gæða sér á ilmandi morgunkaffi í heitu pottunum á milli kl. 09:00-11:00.
Frítt í sund á meðan morgunkaffi stendur.

## Kayakklúbburinn – 10:00-12:00

Kayakklúbburinn býður gestum Grafarvogsdagsins að fylgjast með á öryggisdegi klúbbsins. Markmið öryggisdagsins er að tryggja öryggi ræðara á sjó þannig að þessi tómstundaiðkun verði til gleði og enginn þurfi að fara sér að voða. Farið verður yfir sameiginlegt efni í landi, síðan skipt í æfinga-hópa og endað á björgunaræfingum sem jafnan kostar eitthvað busl í sjónum. Grafarvogsbúar eru boðnir velkomnir að fylgjast með frá Eiðinu við Geldinganes en þar er góð yfirsýn af klettunum við ströndina. Þeir sem eiga báta, en eru ekki félagar í klúbbnum, er boðið að koma og slást í hópinn og taka þátt í að æfa félagabjörgun og fleira gagnlegt. Leiðbeinendur verða í hverjum hópi.

## Egilshöll – 11:00-13:00

**Íþróttafélögin** kynna sumarstarfið í andyri Egilshallara.
**Icelandic Activties** kynna nýtt hópefli sem byrjar á skautasvellinu í haust.
**Egilshöllin** gefur gestum Candyfloss, **Bjarni töframaður** kemur í heimsókn og hljómsveitin **Lumini** spilar í andyrinu.

## Skautasvell

Frítt verður á skautasvellið á Grafarvogsdeginum.

| | |
|---|---|
| 11:00-12:00 | Skautafélagið Björninn býður upp á fría skautakennslu. |
| 12:00-13:00 | Skautaball. |

## Knatthús

| | |
|---|---|
| 11:00- 13:00 | Þrautabrautir á vegum Iceland Activities. |
| 11:00- 13:00 | Knattþrautir á vegum Fjölnis. |
| 11:00-13:00 | Hljómsveitin Distort City spilar. |

## World Class – Opið hús

| | |
|---|---|
| 11:00-13:00 | Frítt í líkamsrækt. |
| 11:15-12:30 | Frítt í Hot yoga. |
| 11:00-12:00 | Kynning á Nuddpúðanum Maxivell. |
| 11:00-13:00 | Kynning á fæðubótarefnum. |

## Sólbaðsstofan Sælan – Opið hús

| | |
|---|---|
| 11:00-13:00 | Frítt í ljós (ath! 18 ára aldurstakmark).<br>Tilboð á kremum og kynning á Beauty-Angel ljós-unum og áhugasamir geta unnið einn prufutíma (andvirði 3.000-4.000 kr.).<br>Frír Svali á meðan birgðir endast. |

## Keiluhöllin – Opið hús

| | |
|---|---|
| 11:00-23:00 | Fjölskyldutilboð í keilu.<br>Verð pr. braut í 55mín = 4.000 kr. |
| 11:00-13:00 | Allir Keilukrakkar fá frían íspinna frá Emmess ís. |
| 11:00-13:00 | Keiluhöllin veitir síðan 15% afslátt af öllum mat af matseðli í Keiluhöllinni. |

## Sambíó – Opið hús - Frítt í bíó

| | |
|---|---|
| 12:00 | Svampur Sveinson - salur 1 |
| 12:00 | Cinderella Story - salur 2 |

## Fjölnir

| | |
|---|---|
| Fimleikadeild: | Opið hús í fimleikasal og frí kennsla. |
| Karatedeild: | Opið hús í karatesal og frí kennsla. |
| Knattspyrnudeild: | Knattþrautir í knatthúsi. |

## Korpúlfsstaðir – 12:00-17:00

| | |
|---|---|
| 12:00-17:00 | Opnar vinnustofur á **Korpúlfsstöðum**. Hátt í 40 myndlistarmenn og hönnuðir starfa á Korpúlfsstöðum við margvíslega listsköpun s.s. myndlist, leirlist og textíl. Gestir eru hjartanlega velkomnir á vinnustofur okkar í þessu sögufræga stórbýli við borgarmörkin. Kaffistofan opin. |
| | **GALLERÍ KORPÚLFSSTAÐIR**, sem fagnar sínu fjórða starfsári um þessar mundir, býður upp á flott úrval listmuna. |
| 13:00-14:30 | **ÍSBÍLLINN** heimsækir gamla mjólkurbúið. |
| 13:30 | **Tónlistardagskrá** í hlöðu Korpúlfsstaða: Rappdúettinn HGGT skemmtir gestum í stórfenglegu umhverfi. |

## Spöngin – 11:30-16:00

Fjölbreytt hátíðarhöld við **Spöngina** hefjast með helgistund í garðinum við Eirborgir kl. 11:30. **Fyrirtæki í Spönginni taka vel á móti gestum, ýmis tilboð og kynningar, grillaðar pylsur, hoppukastalar fyrir börnin og margt fleira.**

| | |
|---|---|
| 11:30 | **Útihelgistund** í garðinum við Eirborgir. |
| 12:00-15:00 | Spennandi **skottmarkaður** á bílastæðinu við bókasafnið. Þátttaka er ókeypis en nauðsynlegt er að skrá sig með tölvupósti á netfangið gudmundur.palsson@reykjavik.is. |
| 13:00-14:00 | Þjóðleg dagskrá í salnum í **Borgum**. Kynning á þjóðbúningum, gömlum bókum og fleira áhugavert frá fyrri tíð. |
| 14:00-16:00 | **Korpúlfar** standa fyrir vöfflukaffisölu í Borgum. |
| 14:00-16:00 | **Borgarbókasafnið menningarhús** í Spönginni býður upp á litríkt vorföndur. Birna Elín Þórðardóttir kennir börnunum að búa til eldspúandi dreka sem börnin geta tekið mér sér út í vorið á vit ævintýranna. Einnig verður útstilling á bókum um íslenska þjóðbúninginn og gamalt handverk í tengslum við dag skránna í Borgum. Bókasafnið er opið frá kl. 12:00-16:00. Heitt kaffi á könnunni og allir velkomnir. |

## Íslenska Gámafélagið – 13:00-16:00

**Íslenska Gámafélagið** býður alla hjartanlega velkomna á opið hús á Grafarvogsdaginn á tímabilinu 13:00-16:00. Boðið verður upp á **mótorhjóla**- og **ruslabílarúnt**, **hestarúnt**, **ruslaskrímslin** verða á staðnum, akstur á **heyvagni**, hoppukastalar, kandýfloss, pylsur og fleira. Leiðsögn og kynning á Endurvinnsluþorpinu í Gufunesi og gestum verður boðið í skoðunarferð í **tveggja hæða strætó** um Grafarvoginn. Starfsfólk Íslenska gámafélagsins hlakkar til að taka vel á móti nágrönnum sínum í Grafarvogi.

## Skemmtigarðurinn – 14:00-18:00

**Skemmtigarðurinn í Grafarvogi** býður Grafarvogsbúum einstakt tækifæri á að spila **Mini-golf** í glæsilegri aðstöðu þeim að kostnaðarlausu. Tveir af flottustu Mini-golfvöllum landsins eru staðsettir í Grafarvoginum. Annar þeirra er kallaður „**Fjársjóðsleitin**" og þar geta leikendur spilað hringinn í kringum 30 tonna **sjóræningaskip** ásamt því að spila í gegnum sjóræningjaþorpið sem er einkar glæsilegt. Einnig verður boðið upp á „**Íslandshringinn**" en sá hringur býður uppá brautir sem vísa í hin ýmsu kennileiti á Íslandi svo sem jökla, fjöll ofl. Kíktu í **Skemmtigarðinn** milli 14-18 á Grafavogsdeginum og njóttu þess að spila Mini-golf í einstöku umhverfi þér að kostnaðarlausu. **Þrautabrautin** og **aparólan** verða líka opin öllum í boði Skemmtigarðsins.

## Frístundamiðstöðin við Gufunesbæ – 15:00-18:00

Fjölbreytt og spennandi **hátíðardagskrá** fyrir alla fjölskylduna á frábæru útivistarsvæði og skemmtidagskrá á sviði. Dagskráin hefst kl. 15:00 með **grunnskólahlaupinu**. Á útisvæðum verður mjög fjölbreytt dagskrá. Má þar á meðal nefna nýjan og glæsilegan risakastala og leiktæki frá Krumma, dagskrá á hjólabrettum og BMX-reiðhjólum í umsjón Jaðar íþróttafélags Reykjavíkur og Hjálparsveit skáta í Reykjavík sýnir og kynnir tæki sín og björgunarbúnað. Gestir fá að spreyta sig á 8 metra háum klifurvegg og sett verður upp lína með sjúkrabörum. Frisbígolfsamband Íslands kynnir íþróttina og leyfir gestum að prófa.

| | |
|---|---|
| 15:00 | **Grunnskólahlaupið**. |
| 15:15 | Afhending **Máttarstólpans**. Máttarstólpinn er viðurkenning hverfisráðs Grafarvogs fyrir framúrskarandi félagsstarf í hverfinu. Afhending fer fram á sviði við hlöðuna. |
| 15:20-16:30 | **Skemmtidagskrá** á sviði við hlöðuna undir styrkri stjórn **Jóns Víðis töframanns** sem kynnir atriðin og sýnir listir sínar. **Verðlaunaafhending** fyrir grunnskólahlaupið, **töfrasýning** Jóns Víðis, Erla Guðmundsdóttir úr Sigyn og rappdúettinn HGGT flytja **tónlist** og **Sirkus Íslands** sýnir óviðjafnanlegar listir sínar. |
| 15:00-18:00 | Dagskrá á útisvæði. **Grunnskólahlaupið**. **Risakastali** og leiktæki frá Krumma, **hjólabretti** og **BMX-reiðhjól** í umsjón Jaðar íþróttafélags Reykjavíkur. Glæsileg sýning á björgunarbúnaði **Hjálparsveitar skáta** í Reykjavík, 8 metra klifurturn og lína með sjúkrabörum. Frisbígolfssamband Íslands kynnir **frisbígolf**, **klifurturninn** við hlöðuna verður opin, gestir grilla **sykurpúða**, boðið verður upp á **andlitsmálun** og margt fleira skemmtilegt. **Drónaflugmenn** mæta á svæðið og sýna listir sínar. |

# Egilshöll – 11:00-13:00

**Íþróttafélögin kynna sumarstarfið í andyri Egilshallar. Icelandic Activties kynna nýtt hópefli sem byrjar á skautasvellinu í haust. Egilshöllin gefur gestum Candyfloss, Bjarni töframaður kemur í heimsókn og hljómsveitin Lumini spilar í andyrinu.**







## Skautasvell

Frítt verður á skautasvellið á Grafarvogsdeginum.

| | |
|---|---|
| 11:00-12:00 | Skautafélagið Björninn býður upp á fría skautakennslu. |
| 12:00-13:00 | Skautaball. |

## Knatthús

| | |
|---|---|
| 11:00- 13:00 | Þrautabrautir á vegum Iceland Activities. |
| 11:00- 13:00 | Knattþrautir á vegum Fjölnis. |
| 11:00-13:00 | Hljómsveitin Distort City spilar. |

## World Class – Opið hús

| | |
|---|---|
| 11:00-13:00 | Frítt í líkamsrækt. |
| 11:15-12:30 | Frítt í Hot yoga. |
| 11:00-12:00 | Kynning á Nuddpúðanum Maxivell. |
| 11:00-13:00 | Kynning á fæðubótarefnum. |

## Sólbaðsstofan Sælan – Opið hús

| | |
|---|---|
| 11:00-13:00 | Frítt í ljós (ath! 18 ára aldurstakmark).<br>Tilboð á kremum og kynning á Beauty-Angel ljósunum og áhugasamir geta unnið einn prufutíma (andvirði 3.000-4.000 kr.).<br>Frír Svali á meðan birgðir endast. |

## Keiluhöllin – Opið hús

| | |
|---|---|
| 11:00-23:00 | Fjölskyldutilboð í keilu.<br>Verð pr. braut í 55mín = 4.000 kr. |
| 11:00-13:00 | Allir Keilukrakkar fá frían íspinna frá Emmess ís. |
| 11:00-13:00 | Keiluhöllin veitir síðan 15% afslátt af öllum mat af matseðli í Keiluhöllinni. |

## Sambíó – Opið hús - Frítt í bíó

| | |
|---|---|
| 12:00 | Svampur Sveinson - salur 1 |
| 12:00 | Cinderella Story - salur 2 |

## Fjölnir

| | |
|---|---|
| Fimleikadeild: | Opið hús í fimleikasal og frí kennsla. |
| Karatedeild: | Opið hús í karatesal og frí kennsla. |
| Knattspyrnudeild: | Knattþrautir í knatthúsi. |

# Korpúlfsstaðir – 12:00-17:00

**Á Grafarvogsdaginn gefst einstakt tækifæri til að sækja Korpúlfsstaði heim og upplifa þennan magnaða stað og þá fjölbreyttu starfsemi sem þar fer fram. Korpúlfsstaðir eru kenndir við Korpúlf bónda sem getið er í Kjalnesingasögu. Jörðin var eign Viðeyjarklausturs á miðöldum en Thor Jensen athafnamaður eignaðist jörðina árið 1922 og reisti þar Korpúlfsstaðabúið. Þar voru 38 herbergi fyrir vinnufólk og matsalur fyrir 70 manns. Byggingin er 5.500 fm2 og þar starfa nú um 40 listamenn og hönnuðir. Þar er Golfklúbbur Reykjavíkur með aðstöðu og Korpúlfar, félag eldri borgara í Grafarvogi eru einnig með starfsemi í húsinu.**



12:00-17:00 Opnar vinnustofur á **Korpúlfsstöðum**. Hátt í 40 myndlistarmenn og hönnuðir starfa á Korpúlfsstöðum við margvíslega listsköpun s.s. myndlist, leirlist og textíl. Gestir eru hjartanlega velkomnir á vinnustofur okkar í þessu sögufræga stórbýli við borgarmörkin. Kaffistofan opin.

**GALLERÍ KORPÚLFSSTAÐIR**, sem fagnar sínu fjórða starfsári um þessar mundir, býður upp á flott úrval listmuna.

13:00-14:30 **ÍSBÍLLINN** heimsækir gamla mjólkurbúið.

13:30 **Tónlistardagskrá** í hlöðu Korpúlfsstaða: Rappdúettinn HGGT skemmtir gestum í stórfenglegu umhverfi.



# Spöngin – 11:30-16:00

**Fjölbreytt hátíðarhöld við Spöngina hefjast með helgistund í garðinum við Eirborgir kl. 11:30. Fyrirtæki í Spönginni taka vel á móti gestum, ýmis tilboð og kynningar, grillaðar pylsur, hoppukastalar fyrir börnin og margt fleira.**









| | |
|---|---|
| 11:30 | **Útihelgistund** í garðinum við Eirborgir. |
| 12:00-15:00 | Spennandi **skottmarkaður** á bílastæðinu við bókasafnið. Þátttaka er ókeypis en nauðsynlegt er að skrá sig með tölvupósti á netfangið gudmundur.palsson@reykjavik.is. |
| 13:00-14:00 | Þjóðleg dagskrá í salnum í **Borgum**. Kynning á þjóðbúningum, gömlum bókum og fleira áhugavert frá fyrri tíð. |
| 14:00-16:00 | **Korpúlfar** með vöfflusölu í Borgum. |
| 14:00-16:00 | **Borgarbókasafnið menningarhús** í Spönginni býður upp á litríkt vorföndur. Birna Elín Þórðardóttir kennir börnunum að búa til eldspúandi dreka sem börnin geta tekið mér sér út í vorið á vit ævintýranna. Einnig verður útstilling á bókum um íslenska þjóðbúninginn og gamalt handverk í tengslum við dag skránna í Borgum.<br>Bókasafnið er opið frá kl. 12:00-16:00.<br>Heitt kaffi á könnunni og allir velkomnir. |






## Skottmarkaður

Ástæða er til að vekja athygli á skemmtilegum **skottmarkaði** sem fer fram á bílastæðinu við Spöngina á milli kl. 12:00-15:00. Enn er hægt að bætast í hópinn og taka þátt í að skapa líflega markaðsstemmningu á svæðinu.

Á skottmarkaði er heimilisbíllinn notaður sem sölubás og getur fólk selt allt á milli himins og jarðar úr bílskottum sínum. Það kostar ekkert að taka þátt en nauðsynlegt er að skrá sig með tölvupósti á netfangið gudmundur.palsson@reykjavik.is.



## Ljósmynda- og myndbandaleikur

Íbúar eru hvattir til að taka þátt í **ljósmynda- og myndbandaleik** dagsins og eru glæsileg gjafabréf frá veitingastaðnum Serrano í verðlaun. Leikurinn fer þannig fram að þátttakendur deila sínu myndefni á Facebook-síðu dagsins, Grafarvogsdagurinn, og láta nafn og netfang fylgja með færslunni.

Í næstu viku verða valdar bestu myndirnar og myndböndin og úrslit kynnt á Facebook-síðunni. Einnig er mögulegt að skila myndefni með tölvupósti á netfangið gudmundur.palsson@reykjavik.is.

GRAFARVOGS-
DAGURINN
30. MAÍ 2015

# Íslenska Gámafélagið – 13:00-16:00



Íslenska Gámafélagið býður alla hjartanlega velkomna á opið hús á Grafarvogsdaginn á tímabilinu 13:00-16:00. Boðið verður upp á mótorhjóla- og ruslabílarúnt, hestarúnt, ruslaskrímslin verða á staðnum, akstur á heyvagni, hoppukastalar, kandýfloss, pylsur og fleira. Leiðsögn og kynning á Endurvinnsluþorpinu í Gufunesi og gestum verður boðið í skoðunarferð í tveggja hæða strætó um Grafarvoginn. Starfsfólk Íslenska gámafélagsins hlakkar til að taka vel á móti nágrönnum sínum í Grafarvogi.

# Skemmtigarðurinn – 14:00-18:00

Skemmtigarðurinn í Grafarvogi býður Grafarvogsbúum einstakt tækifæri á að spila Mini-golf í glæsilegri aðstöðu þeim að kostnaðarlausu. Tveir af flottustu Mini-golfvöllum landsins eru staðsettir í Grafarvoginum. Annar þeirra er kallaður „Fjársjóðsleitin" og þar geta leikendur spilað hringinn í kringum 30 tonna sjóræningaskip ásamt því að spila í gegnum sjóræningjaþorpið sem er einkar glæsilegt. Einnig verður boðið upp á „Íslandshringinn" en sá hringur býður uppá brautir sem vísa í hin ýmsu kennileiti á Íslandi svo sem jökla, fjöll ofl. Kíktu í Skemmtigarðinn milli 14-18 á Grafavogsdeginum og njóttu þess að spila Mini-golf í einstöku umhverfi þér að kostnaðarlausu. Þrautabrautin og aparólan verða líka opin öllum í boði Skemmtigarðsins.



# Frístundamiðstöðin við Gufunesbæ – 15:00-18:00



**Fjölbreytt og spennandi hátíðardagskrá fyrir alla fjölskylduna á frábæru útivistarsvæði og skemmtidagskrá á sviði. Dagskráin hefst kl. 15:00 með grunnskólahlaupinu. Á útisvæðum verður mjög fjölbreytt dagskrá. Má þar á meðal nefna nýjan og glæsilegan risakastala og leiktæki frá Krumma, dagskrá á hjólabrettum og BMX-reiðhjólum í umsjón Jaðar íþróttafélags Reykjavíkur og Hjálparsveit skáta í Reykjavík sýnir og kynnir tæki sín og björgunarbúnað. Gestir fá að spreyta sig á 8 metra háum klifurvegg og sett verður upp lína með sjúkrabörum. Frisbígolfsamband Íslands kynnir íþróttina og leyfir gestum að prófa.**





| | |
|---|---|
| 15:00 | **Grunnskólahlaupið**. |
| 15:15 | Afhending **Máttarstólpans**. Máttarstólpinn er viðurkenning hverfisráðs Grafarvogs fyrir framúrskarandi félagsstarf í hverfinu. Afhending fer fram á sviði við hlöðuna. |
| 15:20-16:30 | **Skemmtidagskrá** á sviði við hlöðuna undir styrkri stjórn **Jóns Víðis töframanns** sem kynnir atriðin og sýnir listir sínar. **Verðlaunaafhending** fyrir grunnskólahlaupið, **töfrasýning** Jóns Víðis, Erla Guðmundsdóttir úr Sigyn og rappdúettinn HGGT flytja **tónlist** og **Sirkus Íslands** sýnir óviðjafnanlegar listir sínar. |
| 15:00-18:00 | Dagskrá á útisvæði. **Grunnskólahlaupið**. **Risakastali** og leiktæki frá Krumma, **hjólabretti** og **BMX-reiðhjól** í umsjón Jaðar íþróttafélags Reykjavíkur. Glæsileg sýning á björgunarbúnaði **Hjálparsveitar skáta** í Reykjavík, 8 metra klifurturn og lína með sjúkrabörum. Frisbígolfssamband Íslands kynnir **frisbígolf**, **klifurturninn** við hlöðuna verður opin, gestir grilla **sykurpúða**, boðið verður upp á **andlitsmálun** og margt fleira skemmtilegt. **Drónaflugmenn** mæta á svæðið og sýna listir sínar. |